

MÁGUSARTÍÐINDI

2016

HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



Með því að gerast aðili að KVH ert þú að taka þátt í baráttu fyrir því að menntun viðskiptafræðinga og hagfræðinga verði metin að verðleikum til launa.

KVH

KJARAFÉLAG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



www.kjarafelagvh.is

ÁVARP Formanns

Pegar ég tók við embættinu af Eddu Konráðsdóttur ofurkonu langaði mig að halda áfram því frábæra starfi sem

Mágus hefur verið þekkt fyrir. Við í stjórn þessa árs vorum öll sammála því og lögðum okkur öll fram við að halda því áfram.

Skemmtilegar vísindaferðir og partý hafa einkennt félagslíf viðskiptafræðinema síðustu ár. Þegar við litum til baka erum við afar sátt með okkar starf og viðburði. Einnig erum við ánægð með fjölda nemenda sem sóttu viðburðina. Skráðir félagar í Mágus eru 260 sem er eilítið færri en í fyrra. Ástæðan er líklega sú að umsóknir við deildina þetta árið voru færri en undanfarin ár vegna fleiri atvinnutækifæra í samfélaginu.

Haustið hófst með hinni árlegu nýnemaferð sem tókst afar vel. Við tók nóg af vísindaferðum, hið eina sanna karla og konukvöld Tradition í október og svo próflokpartý í desember.

Janúar hófst með trompi þar sem MÁGUSorator dagurinn fór fram. Munaði hársbreidd að við hefðum unnið ef strákarnir hefðu rifið sig í gang í íþróttunum. Tveimur vikum síðar var Skíðaferð Mágusar haldin eftir langt hlé og heppnaðist vel. Afar gaman var að sjá hversu vel nemendur höguðu sér og lítið var um ölvun. Á laugardeginum var skíðabrekkan full af Mágusingum sem voru í góðu standi fyrir hreyfingu.

Nú framundan eru enn fleiri vísindaferðir. Árshátíð Mágusar sem mikill spenningur er fyrir verður haldin hátíðlega 5.mars. Svo er síðasti viðburður fráfallandi stjórnar Mágusmarkaðsráð dagurinn um miðjan mars.

Ég vil þakka stjórnarmeðlimum mínum fyrir frábært samstarf. Hópurinn var afar samheldinn og getum við gengið stolt frá vel unnum verkum á þessu stjórnartímabili. Undirnefndir Mágusar hafa líka skilað frábæru verki og þeim ber að þakka.

Starf nemendafélags er afar mikil-



Ég vil þakka stjórnarmeðlimum mínum fyrir frábært samstarf. Hópurinn var afar samheldinn og getum við gengið stolt frá vel unnum verkum á þessu stjórnartímabili.

vægt fyrir nemendur. Félagslífið gegnir stóru hlutverki í lífi nemenda í háskóla.

Einnig starfar nemendafélagið sem milliliður fyrir deildina og nemendur þar sem nemendur eiga fulltrúa á öllum deildarfundum kennara.

Stjórnarskipti nálgast og er ég afar þakklát fyrir þann heiður að hafa verið kosin til að gegna embætti formanns Mágusar þetta ár. Ég óska næstu stjórn alls hins besta.

Birgitta Sigurðardóttir
Formaður Mágusar 20152016

Prentun

Litróf

Upplag

300 stk

Umbrot og hönnun

Ingólfur Grétarsson

Sérstakar þakkir

Sif Stefánsdóttir

Konni í litróf

Ritstýra

Karen Sigurlaugsdóttir

Ritnefnd

Íris Einarsdóttir

Oddný María Kristinsdóttir

Svanborg María Guðmundsdóttir





Efnisyfirlit

8. Félagslíf

10. Skíðaferð

12. Nýnemaviðtöl

18. Markaðsmaður ársins

24. Samstarfverkefni
í meistaranámi

26. NESU

29. Skiptinám

32. Að sækja um skiptinám

34. Fimm kennarar
Fimm spurningar

36. HÍ vs. HR

38. Góðar námsvenjur

40. Best að vera pollýanna

ÁVARP Ritstýru

Nú þegar vorönnin er komin á skrið og nemendur farnir að finna fyrir stressi eru Mágusartíðindi loksins komin í hendurnar á ykkur, kærur namar. Ég veit þið hafið beðið eftir þessu lengi. Elsku viðskiptafræðinamar, ekki örvænta, það styttist í sumarfríið. Ég tel allavega sjálfri mér trú um það. Það er auðveldara að líta fram á veginn með bjartari tíma í huga og í guðanna bænum ekki fara að spá í prófatönninni strax, það er svo margt skemmtilegt framundan í félagslífinu.

Það sem ég lærði mest af því að vinna að útgáfunni er að gott skipulag skiptir miklu máli þegar mikið er að gera. Í þessu blaði má einmitt finna grein um hvernig gott er að skipuleggja námið sitt og ég hvet ykkur til að kíkja á hana. Annað sem ég get mælt með er dagbók til að skrá niður verkefni og fundi til að halda utan um allt sem maður þarf að muna (þó ég sjálf geri meira af því að skrifa í hana heldur en að lesa það sem ég skrifaði eftir á...). Ég gleymdi nefnilega alveg að sinna náminu á meðan við vorum að vinna að blaðinu en það sem ég lærði í staðinn er á sinn hátt jafn dýrmætt að mínu mati.

Vinnan að þessu blaði var skemmtileg, auðvitað strembin líka á köflum en aðallega skemmtileg. Enda samanstendur ritnefndin mín af eðalskvísum (hvar eru strákarnir?). Það er sko ekki hægt að gefa út svona blað einn skal ég segja ykkur og langar mig til að gefa nefndartúttunum stórt hrós. Það getur verið erfitt að tvinna saman fullt nám, nefndarstörf og vinnu en það er allt hægt með áhuga og smá eljusemi.

Það sem við settum fyrir okkur strax í byrjun var að gera þetta skemmtilegt, auðlesið og áhugavert. Ég er nokkuð viss um að við höfum staðið við það, dæmi hver fyrir sig. Það eru miklar líkur á því að þeir sem lesa blaðið en eru ekki í Mágusi muni hringja í Birgittu og



Það sem við settum fyrir okkur strax í byrjun var að gera þetta skemmtilegt, auðlesið og áhugavert.

skrá sig í félagið á núll einni. Það er fátt skemmtilegra en að vera partur af jafn skemmtilegum hópi og rebbarnir og tófurmar eru.

Ég vona að þið njótið lestrarins og svo sjáumst við öll hress í kvöld í Vísindaferð og á barnum!

Karen Sigurlaugsdóttir
Ritstýra Mágusartíðinda 20152016



STJÓRN MÁGUSAR 2015–2016

(frá vinstri) Björn Öder, Karítas Sigurðardóttir, Kristófer Kristófersson, Karen Sigurlaugsdóttir, Tinna Rut, Sandra Dögg og Birgitta Sigurðardóttir, á myndina vantar Sigrúnu Finns



RITNEFND MÁGUSARTÍÐINDA 2015–2016

(frá vinstri) Svanborg María, Oddný María, Karen Sigurlaugsdóttir og Íris Einarsdóttir.




FÉLAGS





Mágus þjóðstartaði skólaárinu með sumarpartý á Hverfisbarnum þar sem nýnemar og eldri nemendur komu saman til að taka léttan snúning áður en alvaran tók við. Mætingin var góð og fólk skemmti sér konunglega. Nýnemarnir voru ekki lengi að láta til sín taka en þeir rústuðu nýnemamóti gomobile í fótbolta fyrir hönd mágusar strax í annari skólaviku. Þeir tóku við bikar og skáluðu síðan á kjallaranum góða. Fyrsti viðburður Mágusar á formlegu skóli ári var síðan hin árlega nýnemaferð þar sem nýnemunum var skóflað uppí rútu og strax byrjað að hella í þau. Ferðinni var svo heitið á Kjalarnes, þegar þangað var komið tók við pub quiz ásamt fleiri skemmtilegum leikjum. Keppt var meðal annars í drykkjubambi og stóðu nýnemarnir sig með einstakri þrjúði (allavega flestir).

Jónsson & Le'Macks bauð svo í fyrstu vísindaferð vetrarins og þaðan var haldið í haust partý mágusar þar sem gleðin var við völd. Þar endaði kvöldið með trúbadorastemningu í boði nemenda. Vísindaferðirnar voru ekki af verri taginu á haustönninni en við kíktum til dæmis í Atlandsolíu, Marel, HF verðbréf og svo má ekki gleyma langferðinni í Landsvirkjun og veislunni í Ölgerðinni. Októberfest SHÍ var á sínum stað og stóð fyrir sínu eins og alltaf og þar var drukkið og dansað frá fimmtudegi til laugardags og bjórinn flæddi eins og vaninn er. Hið eina sanna Tradition partý var síðan haldið í október, fyrirpartýið var vísindaferð hjá Advan-ia en þegar í lðusali var komið hlustuðu tófurarnar á kynningu frá Þórunni Ívars á meðan refirnir smökkuðu á vindlum og viski. Þegar leið á kvöldið var hópunum blandað saman og þá fóru hlutirnir að gerast. Önnin endaði síðan á próflokpartý þar sem við mágusingar skáluðu saman fyrir langþráðu jólafrii.

Vorönnin byrjaði með trompi þar sem Mágus – Orator dagurinn var haldinn hátíðlegur strax um miðjan janúar. Keppt var í skák og gettu betur kvöldið áður á kjallaranum. Á MágusOrator deginum sjálfum kepptust lið viðskiptafræðinnar og lögfræðinnar í hinum ýmsu íþróttum, fótbolta, körfubolta, handbolta og reipitog. Stelpurnar okkar unnu reipitogið eftirminnilega og auðvitað með yfirburðum. Hinar keppnirnar gengu misvel hjá okkur Mágusingum en við skemmtum okkur konunglega. Hápunktur dagsins var svo ræðukeppnin sjálf og bjórdrykkjukeppni sem haldin er þegar líða fer á kvöldið, Mágus rústaði auðvitað drykkjukeppninni. Ræðukeppnin var æsispennandi og ræðuliðið okkar þetta árið saman stóð af Hilmu Jónsdóttir, Einari Loga, Berglindi Vignis og Ólöfu Helgu sem stóðu sig öll með mikilli þrjúði, svo má auðvitað ekki gleyma Jórinni Ósk sem var tímavörðurinn okkar en hún var algjör hetja í því hlutverki. Þrátt fyrir mikil leiðindi og barnaskap frá Orator á meðan keppninni stóð, náði liðið okkar frábærum árangri en að lokum voru það aðeins rúm 300 stig sem skildu liðin að.

Framundan er ekkert nema fjör og stanslaust stuð, seinnipartur vorannar er þakinn vísindaferðum útum allan bæ en Mágus mun heimsækja fyrirtæki eins og Credit Info, Símann, Arka Heilsuvörur, Arionbanka og Klak Innovit. Ekki má gleyma okkar glæsilegu árhátíð sem verður haldin 5.mars og síðan endum við önnina á Mágus Vs. Markaðsráð sem er keppni á milli viðskiptafræðinnar í HÍ og HR. Í lok annar er svo kosningapartý og mun í framhaldi af því nýkosin stjórn sjá um að skella í eitt rosalegt próflokpartý. Þetta ár var fullt af viðburðaríkum atburður og við horfum á eftir því með bros á vör, við vonum að þið kærur nemendur hafið skemmt ykkur jafn vel og við.





SKÍÐA FERÐ

Fyrsta skíðaferð Mágusar síðan menn muna eftir var tekin með trompi síðustu helgina í janúar. Mæting í rútur var eldsnemma föstudagsmorgun klukkan 10 þar sem við sameinuðumst með verkfræðinemum úr HR. Fólk var ekki lengi að byrja að sippa í sig og þegar komið var í Varmahlíð var pissuröðin orðin ansi löng. Áður en við mættum til AK City stoppuðum við á Árskógssandi þar sem bjórverksmiðjan Kaldi bauð í stórglæsilega vísindaferð og sló í gegn með ljúffengum bjór beint úr dælu og flottum glösum. Auðvitað tókst ákveðnum aðila að brjóta glasið sitt í rútunni.


Eftir Kalda var ferðinni heitið í vísó númer 2 þar sem 3 fjármála fyrirtæki sem starfa á Akureyri

fræddu okkur um starfsemi sína. Snakkið og hneturnar gufudu fljótlega upp og eftir vísó flyktist fólk út um allan bæ í leit af næringu í formi fastrar fæðu. Þegar liðið var búið að næra sig var fjörinu haldið áfram á börum bæjarins, flestir enduðu á Pósthús barnum þar sem dansað var frá sér allt vit. Fólk skemmti sér misvel en það fengu ekki allir að vera eins lengi inni á pósthús barnum og þeir vildu enda er stundum bara erfitt að kalla djammíð þegar klukkan er bara þrjú. Máltíð ferðarinnar var klárlega HIðlli en ófáir stoppuðu þar á leiðinni heim eftir tjúttíð. Dagur tvö hófst missnemma, á meðan einhverjir drulluðu sér frammúr og fóru uppí fjall, sváfu aðrir yfir sig en rétt náðu uppí fjall á meðan restin svaf af sér syndir gærkvöldsins langt fram yfir hádegi. Þeir sem fóru ekki í fjallið létu reyna á menningarferð og rölt um bæinn en veðrið bauð ekki uppá mikið svo að dagurin fór að mestu í ró-

legheit og að hlaða batteríin fyrir kvöldið. Mágus bauð síðan í pizza partý á norðlenska barnum á laugardagskvöldinu, þar sameinuðumst við aftur verkfræðinni í HR og byrjuðum að dæla í okkur Tuborg eins og okkur einum er lagið. Mágusingar eru ekki þekktir fyrir að mæta tímanlega svo að HRingarnir kláruðu pizzabirgðirnar á meðan sumir létu fljótandi fæði duga.

Fjórið entist svo langt fram á morgun en síðustu partýhanarnir fóru í rúmið um hálf 8 á sunnudagsmorgun. Það reyndist erfitt að koma sér upp í rútur á sunnudeginum en flestir voru æstir í að komast heim. Önnur rútan tók svo að sér hlutverkið partýrúta þar sem ákveðnir aðilar ákváðu að fresta þynnkunni um einn dag. Við getum öll verið sammála um það að ferðin hafi heppnast einstaklega vel og að pabbi mikinn heiður skilið.

Vonandi verður skíðaferð áfram árlegur viðburður í skemmtanalífi Mágusar.



TVENNUNU TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM, OSTAGOTT
EÐA KANILGOTT OG FÆRÐ AÐRA PIZZU SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!



NÝNEMA

VIÐTÖL



Einar Logi

Þrjú lýsingarorð um þig? Krúttlegur, alki og töffari

Fyrstu sex? 261295

Hjúskaparstaða? Lausu

Afhverju viðskiptafræði? Stefni á að fara í fashion marketing í master, viðskiptafræði passar vel við í Bs

Afhverju HÍ? Ódýrara en HR

Á hvaða línu ertu? Markaðsfræði

Uppáhalds HÁMU búðin þín? Háskólatorgi, mest að gera og eg elska að mingla

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU? byrja daginn á góðum kaffi bolla og þá daga sem ég er lítill í mér og vill gera vel við mig verður súkkulaði húðaða kleinan fyrir valinu.

Uppáhaldskennari? Snjólfur stæ kennari, því hann bæði talar og hreyfir sig eins og Sigmar í Svamp Sveinsson.

Uppáhaldsfag? Markaðsfræði

Hvar er best að læra? Fundarherberginu hjá stúdentakjallaranum, verður fljótt loftlaust þar, en það er stutt í bjórinu.

Háskólatorg eða Háskólabíó? Háskólatorg

Starf: afgreiðsla í spúútnik, GK Reykjavík og Zara, svo er ég barþjónn í Gamla bíó.

Hvað drekkuru marga kaffibolla á dag? Lágmark 2

Hvar er best að leggja? Næst inngangnum, þó ég þurfi að

rúnta í 30 mín um bílastæðið að bíða.

Hvað færðu þér í morgunmat? Skál af 40% cocopuffs og 60% seríósi blandað saman.

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum? Væli yfir heimskulegum ákvörðunum helgarinnar

Hvað er mottóið þitt? Ekki taka lífinu svona alvarlega.

Besta vísindaferðin? Landsvirkjun, gott úrval af áfengi og rútuferðin til baka einstaklega skemmtileg.

Ætlaðu á árshátíðina? Já, ætla verða ofurölvi

Besti skemmtistaðurinn? Prikkið

Hefuru farið á tinderdeit? Já, það er bara skrítið, mæli ekki með.

Uppáhalds snappari? Saga Garðarsdóttir

Hvernig gerir þú prófatíðina bærilegri? Læra með skemmtilegu fólki, þó þú lærir kannski ekki jafn vel þá er það samt þess virði.

Hefuru íhugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara? Já

langar mjög mikið til Bandaríkjanna eða Ástralíu

Draumastarfið? Eiga mína eigin casting skrifstofu.

Hvað drakkstu marga bjóra á Októberfest? var barþjónn á hátíðinni öll kvöldin nema síðasta en náði svona 8 bjórum

Eitthvað að lokum? er hrifinn af Birgittu Sig.

Elísa Björg

Þrjú lýsingarorð um þig? F-in þrjú. Fyndin, frek og frábær

Fyrstu sex? 070194

Hjúskaparstaða? Föstu

Afhverju viðskiptafræði? Af því ég elska peninga

Afhverju HÍ? Ekki jafn f**k dýrt og HR

Á hvaða línu ertu? Fjármál

Uppáhalds HÁMU búðin þín? Háskóla-torgi

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU? Súp-urnar eru nice

Uppáhaldskennari? Snjólfur er mesta dúllan

Uppáhaldsfag? Hagfræði

Hvar er best að læra? Uppí rúmi

Háskólatorg eða Háskólabíó? Háskólatorg


Starf: Ekkert með skóla en í Arion banka á sumrin.

Hvað drekkuru marga kaffibolla á dag? Svona að meðaltali þrjá

Hvar er best að leggja? Fyrir utan Odda

Hvað færðu þér í morgunmat? Cheerios og kaffi

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum? Þau hafa yfirleitt ein-



kennst af þynnu leifum, en nýja markmið mitt er að skipuleggja komandi viku á sunnudagskvöldum.

Hvað er mottóið þitt? Reyna að gera betur í dag en í gær

Besta vísindaferðin? Ég hef ekki mikla reynslu af vísindaferðunum þar sem ég er oftast of sein að skrá mig áður en allt fyllist ;(

Ætlu á árs hátíðina? Já ég býst við því

Besti skemmtistaðurinn? Æi ég veit það ekki, enda oftast á prikinu.

Hefuru farið á tinderdeit? Nei

Uppáhalds snappari? Desi Perkins vinkona

Hvernig gerir þú prófatíðina bærillegri? Bjór í Stúdentakjallaranum er stund milli stríða.

Hefuru íhugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara? Já, væri til í að fara til Frakklands eða Ítalíu

Draumastarfið? Úffff ég á marga drauma, sjáum hvar ég enda.

Hvað drakkstu marga bjóra á Oktoberfest? Óljóst

Daníel Ólafsson

Þrjú lýsingarorð um þig? Ákveðinn, skilnaðarbarn og lífsglaður.

Fyrstu sex? Ragnheiður hét hún.

Hjúskaparstaða? Lítil sem engin.

Afhverju viðskiptafræði? Fór upphaflega í fjármála-verkfræði í HR en fannst raungreinarnar ansi leiðinlegar en kunni vel við viðskiptatengdu áfangana.

Afhverju HÍ? Það var annað hvort HR eða HÍ og matur af og til svo þetta var no brainer.

Uppáhalds HÁMU búðin þín? Ég fer amk lang oftast í þessa á Háskólatorgi.

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU? Kaffi og hafrakatta.

Uppáhaldskennari? Ég geri ekki upp á milli barnanna minna.

Uppáhaldsfag? Rekstrarhagfræði enn sem komið er.

Hvar er best að læra? Fórna reglulega lífi og limum fyrir borð beint undir pirrandi stiganum á Háskólatorgi.

Háskólatorg eða Háskólabíó? Háskólatorg.

Starf: Vodafone.

Hvað drekkuru marga kaffibolla á dag? Veltur svoltið á dags-formi, getur verið allt frá tveimur upp í sex.

Hvar er best að leggja? Mæli hiklaust með kennarastæðunum. Stutt í næsta inngang og gjaldfrjálst.

Hvað færðu þér í morgunmat? Weetabix.



Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum? Mjög misjafnt en íþróttagl-áp verður líklega oftast fyrir valinu.

Hvað er mottóið þitt? Herra Hnetusmjör.

Besta vísindaferðin? Á þriggja ára háskólagöngu hef ég aldrei farið í vísindaferð. Kærið mig.

Ætlu á árs hátíðina? Er að heyra af henni fyrst núna en það hljómar líklegt.

Besti skemmtistaðurinn? Hef stundað þá þokkalega lítið sl. ár en maður aulast oftast á B5 þegar það gerist.

Hefuru farið á tinderdeit? Nei.

Uppáhalds snappari? DJKHALED305

Hvernig gerir þú prófatíðina bærillegri?

Veit ekki hvaðan þú færð þínar upplýsingar en ég get þá leiðrétt það hér, mér finnst hún óbærileg.

Hefuru íhugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara? Já hef íhugað það, og ég myndi horfa á staði sem

kenna á ensku og þar sem hitinn fer yfir 15 gráður.

Draumastarfið? Góð spurning. Þætti gaman að vinna á litlum vinnustað með spennandi verkefnum.

Hvað drakkstu marga bjóra á Oktoberfest? Ég skammast mín fyrir að segja þetta en ég fór ekki, en áramótaheitið mitt er að fara í vísindaferð og kannski bara Októberfest líka.

Eitthvað að lokum? Takk fyrir mig og gangi ykkur vel með restina af blaðinu, leiðin liggur bara upp á við eftir þetta viðtal



Pálmeý Kamilla Pálma-dóttir

Þrjú ljúsingarorð um þig? MUA, Sushilover og Pepsi Max fíkill.

Fyrstu sex? 120492

Hjúskaparstaða? Single & ready to mingle.

Afhverju viðskiptafræði? Stefni á eigin rekstur, tel viðskiptafræðina frekar góðan grunn fyrir það.

Afhverju HÍ? Fannst HÍ bara mega sexy fyrir utan það að ég er of fátæk fyrir HR.

Á hvaða línu ertu? Markaðsfræði og alþjóðaviðskiptafræði.

Uppáhalds HÁMU búðin þín? Án efa á Háskólatorgi.

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU? Sítrónuskýr og Hámu-hnet-umixið er goodstuff.

Uppáhaldskennari? Það hefur enginn náð þeim titli enn sem komið er.

Uppáhaldsfag? Markaðsfræði hefur vinninginn.

Hvar er best að læra? Finnst mjög næs að læra heima en annars fínt að kíkja á hlöðuna eða í Odda.

Háskólatorg eða Háskólabíó? Háskólatorg.

Starf: Förfundunarfræðingur og Ölgerðin.

Hvað drekkuru marga kaffibolla á dag? Oftast núll. Stundum einn. Hef þó aðra sögu að segja um mína daglegu Aminó neyslu.

Hvar er best að leggja? Elska að fá stæði á litlu mölinni og í hringboganum eftir fjögur á daginn.

Hvað færðu þér í morgunmat? Haframjöl með banana, fjörmjólk og hr. Hnetusmjöri.

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum? Þrjóna og horfi á Landann, en ekki hvað?

Hvað er mottóið þitt? Be strong because things will get better. It may be stormy now, but it never rains forever <3.. djók ekki mikið í mottóum.

Besta vísindaferðin? Hef bara farið í eina og það var Ölgerðin en það var muy bien.

Ætlanu á árhátíðina? Að sjálfsögðu!

Besti skemmtistaðurinn? Ég er B5 skinka.

Hefuru farið á tinderdeit? Nei hef ekki gerst svo djörf.

Uppáhalds snappari? Adhd-kisan er með húmor að mínu skapi, mæli með!

Hvernig gerir þú prófatíðina bærulegri? Tala við guð. Nei nei bara drekka fullt af Aminó og muna að þetta tekur allt enda og hlakka til að próflokadjamma.

Hefuru íhugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara? Já myndi ekkert hata að fara til Ástralíu í skiptinám.

Draumastarfið? Að fá borgað fyrir að leika mér með snyrtidót.

Hvað drakkstu marga bjóra á Oktoberfest? Frekar viðkvæm spurning sem ég kúys að svara ekki.

Eitthvað að lokum? Stay cool.

**VANTAR
PIG
ORKU?**



Koffein Apofri - 100% hreinar koffintöflur

ÞÆGILEG ORKA

ÞEGAR ÞÚ ÞARFT

Á HENNI AÐ HALDA

- Á morgnana
- Í vinnuna
- Í skólann og prófalesturinn
- Fyrir æfinguna

Fæst í næsta
apóteki ásamt
Hagkaupum og
Fjarðarkaupum



ÁN ALLRA AUKAEFNA

Styrmir Vilhjálmsón

Þrjú lýsingarorð um þig? Mikilvægur, landsliðs (á landsliðs vin) og fúndamental.

Fyrstu sex? 310893

Hjúskaparstaða? Bú með einni ofurkonu

Afhverju viðskiptafræði? Tengist minni vinnu í dag. Ætli menntaskólinn hafi ekki haft einhver áhrif líka, en þar var ég á Viðskiptafræði braut

Afhverju HÍ? Útaf Snjólf.

Á hvaða línu ertu? Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti.

Uppáhalds HÁMU búðin þín? Á HT

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?

Mexíkönsku súpuna. Hún er út í hött!

Uppáhaldskennari? Hingað til hefur enginn toppað Snjólf.

Uppáhaldsfag? Rekstrarhagfræði.

Hvar er best að læra? Hlaðan og lesstofan hjá Gimla.

Háskólatorg eða Háskólabíó? HT

Starf: Inside Iceland

Hvað drekkuru marga kaffibolla á dag? Tækla max 3 á viku.

Hvar er best að leggja? Hef ekki enn fundið bæriligan stað en ég er nú fluttur hér rétt hjá svo ég labba oftast núna.

Hvað færðu þér í morgunmat? Hafragraut.

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum? Bíð oftast allt kvöldið eftir sunnudags snappinu hans Egils Lúðvíks. Speglamynd, nærbuxur. Þið sem þekkið hann vitið hvað ég á við.



Hvað er mottóið þitt? Þú færð kraft úr kókovárnjólk

Besta vísindaferðin? Sú sem ég fer í næst!

Ætlu á árhátíðina? Heldur betur

Besti skemmtistaðurinn? Prikið er nokkuð þægilegur

Hefuru farið á tinderdeit? Nei, en fæ alltaf sögur á mánudögum hjá Agli Lúðvíks um hans deit. Hann er duglegur í þessu.

Uppáhalds snappari? Bú með „aronmola“ svo ég eiginlega verð að henda þessu á hann.

En ég er farinn að verða target hjá honum of oft núna. Sakna Vegagerðarinnar, það er það skemmtilegasta sem komið hefur hingað til. Man einhver eftir því? Það var pissað á Egil Lúðvíks. Hljótið að tengja núna.

Hvernig gerir þú prófatíðina bærillegri? Da-
im. Verð sjúkur í nammið Daim.

Hefuru ihugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara? Held það sé alveg pottþétt að ég fari ásamt kærustunni. Ekki enn búið að negla niður hvert.

Draumastarfið? Er í nokkuð geggjúðu starfi.

Hvað drakkstu marga bjóra á Oktoberfest? Heyrðu, ég drakk svona 4 í stúdentakjallaranum. Fór síðan fyrir utan að reyna að redda mér inn. Endaði síðan á að rífast við félaganna, því þeir redduðu mér ekki inn. En ég drakk sem sagt 4 bjóra.

Eitthvað að lokum? Snapchat hjá Agli : egilludviks

Herta Sól Malmberg

Þrjú lýsingarorð um þig? jákvæð, ópolinmóð og hress

Fyrstu sex? 1993

Hjúskaparstaða? á föstu

Afhverju viðskiptafræði? skemmtilegt og spennandi fag sem býður upp á marga möguleika

Afhverju HÍ? Spennandi, ódýr, góður skóli og stór

Uppáhalds HÁMU búðin þín? Háma í háskólabíó er best

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU? kaupir oft köku, svo góðar í Hámu

Uppáhaldskennari? Tinna rekstrarhagfræði kennari

Uppáhaldsfag? öll sæmileg

Hvar er best að læra? heima

Háskólatorg eða Háskólabíó? háskólatorg

Starf: Þjónn á Grillmarkaðinum

Hvað drekkuru marga kaffibolla á dag? ekki byrjuð í kaffinu

Hvar er best að leggja? fremst við háskólabíó eða í hringnum

Hvað færðu þér í morgunmat? cheerios eða egg

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum? kósy með kæró eða að vinna

Hvað er mottóið þitt? Brooosa

Besta vísindaferðin? Ölgerðin

Ætlu á árhátíðina? já

Besti skemmtistaðurinn? B5

Hefuru farið á tinderdeit? nei ekki svo gott

Uppáhalds snappari? Ragnheiður vinkona mín

Hvernig gerir þú prófatíðina bærillegri? sofa aðeins út og læra með vinum

Hefuru ihugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara? já væri til í að fara til Danmerkur

Draumastarfið? vinna í skemmtilegu fyrirtæki í útlöndum.


Hvað drakkstu marga bjóra á Oktoberfest? marga



ÁRSHÁTÍÐ MÁGUSAR

5. Mars 2016

Verður haldin í sólaralnum,
borgartúni 6
(Nánari upplýsingar síðar)



Helga V. Vilhelmsdóttir - 20 ára

Hvað þyrftiru marga bjóra til að koma og syngja einsöng upp á sviði á árs hátíðinni? Þarf nú eitthvað annað en bjór til þess.
Ertu komin með target fyrir árs hátíðina? Target listinn er allur í vinnslu.

Hvaða lag er best til að koma sér í girinn fyrir árs hátíðina? Never forget you - Zara

Hvert verður förinni heitið niðri bæ eftir árs hátíðina? Beint á B5.

Hvernig mun þynnkumaturinn líta út daginn eftir? Afréttari og pizza in bed

Hvað er planið yfir árs hátíðardaginn? Þjálfa lífrina með dag-drykkju.

Hvað heldur þú að verði það skemmtilegasta við árs hátíðina? Vera fancy með vinum

2 must hlutir til þess að taka með sér á árs hátíðina? target-listann og góðaskapið.

Árni Þórmar - 23 ára

Hvað þyrftiru marga bjóra til að koma og syngja einsöng upp á sviði á árs hátíðinni? Þyrfti að vera í góðu blackouti

Hvaða lag er best til að koma sér í girinn fyrir árs hátíðina?

Týnda Kynslóðin með Bjartmari Guðlaugs

Hvert verður förinni heitið niðri bæ eftir árs hátíðina? Elti bara fyrirliðann, Björn Öder. Hann djammar alltaf föss og lau svo hann hlýtur að geta leitt hópin á einhvern skemmtilegan stað.

Hvernig mun þynnkumaturinn líta út daginn eftir? Alltaf ostborgaratilboð á Skalla í Hraunbænum. Þynnkan hverfur.

Hvað er planið yfir árs hátíðardaginn? GMT

Hvað heldur þú að verði það skemmtilegasta við árs hátíðina? Fylgjast með Bödda skíta á sig

2 must hlutir til þess að taka með sér á árs hátíðina? Síminn minn og nóg af 3G, ég er svo feiminn :/



bóksala stúdentna

NÝJUNGAR Í FRELSI!

MÁNADARLEG ÁFYLLING MEÐ DEBET- EÐA KREDITKORTI

0 KR.

NOVA

Í NOVA

10 GB

1.990 KR.

0 kr. Nova í Nova: Ótakmarkaðar mínútur og SMS/MMS í alla hjá Nova og 10 GB.

0 KR.

NOVA

Í ALLA

10 GB

2.990 KR.

0 kr. Nova í alla!: Ótakmarkaðar mín. og SMS/MMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi og 10 GB.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA



MARKAÐSMAÐUR

Andri Þór Guðmundsson er forstjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar. Hann hefur gegnt því síðan árið 2004. Andri var kosinn markaðsmaður ársins af ÍMARK í fyrra, árið 2015. Verðlaunin fékk hann m.a vegna þess hann hefur náð miklum árangri með vörumerki Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, en flest þeirra hafa aukið hlutdeild sína á markaði þar sem samkeppni er hörð og framboð mikið. Andri Þór hefur verið leiðandi í vörubrúun á drykkjarmarkaði og hefur hann meðal annars haft það að markmiði að stuðla að aukinni bjór- og vínmenningu meðal þjóðarinnar með stofnun Borg Brugghúss. Þar gefst fólki tækifæri

til að kynna bjórnum og áherslan er lögð á gæði umfram magn.

Það vita það kannski ekki margir en Andri gegndi stöðu formanns Mágusar á sínum tíma. Þá var Mágus með aðstöðu á Bjarkargötu þar sem þau höfðu til umráða heilan kjallara bara fyrir sig. Þar voru þau með stærðarinnar skrifstofu (allavega miðað við þá sem Mágus hefur afnot af núna) og héldu oft og tíðum partý í kjallaranum. Við sem erum núna í viðskiptaf-ræðinni höfum öll heyrt sögur af gömlum Tradition partýum, sem var einmitt það sem Andri nefndi sem það sem honum fannst standa upp úr í félagslífinu. Mágus-Orator var honum einnig eftirminnilegt en hann tók þátt sjálfur í ræðukeppninni eitt

Markaðsmaður ársins

Fyrir að hafa sýnt framúrskarandi árangur í markaðsstarfi.

Leitast við að fá sem fjölbreyttastar skoðanir úr atvinnulífinu.

Dómnefnd skipa: fyrrum formenn ÍMARK, fulltrúar úr stjórn ÍMARK, fulltrúar frá rannsóknarfyrirtæki, nýsköpunarmiðstöð, úr háskólasamfélaginu, úr atvinnulífinu ásamt markaðsmanni síðasta árs.



Bakgrunnur: Útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands 1986
Kláraði Viðskiptafræði við Háskóla Íslands 1992
Rekstarstjóri Regnbogans 1991-1993
Markaðsstjóri hjá Almenna Bókfélaginu 1993-1994
Aðstoðarforstjóri Lúsis hf 1994-1999
Lauk MBA prófi frá Rotterdam School of management 2002

Ölgerð Egils Skallagrímssonar

Ölgerðin var stofnuð árið 1913.

Eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði.

Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks.

Fyrirtækjþjónusta Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar sérhæfir sig í heildarlausnum í drykkjarvöru og snarli fyrir vinnustaði landsins.

Ölgerðin er ein stærsta heildsala landsins á fyrirtækjasviði

Forstjóri Ölgerðar Egils skallagrímssonar er m.a ábyrgur fyrir:

- Starfsmannastefna Ölgerðarinnar.
- Viðhaldi og framkvæmd verklagsreglunnar um samfélagsábyrgð.
- Viðhaldi og endurskoðun umhverfisstefnunnar.

ÁRSINS

árið. Þar varpaði hann meðal annars upp mynd af rassinum á andstæðingi sínum í Orator á skjávarpa. Hann telur það hafa nýst sér vel að gegna hlutverki formanns Mágusar, einkum vegna þess að tengslanet hans stækkaði á þeim tíma til muna.

Aðspurður á hvaða sviði hann hafi verið í náminu segir hann bakgrunn sinn vera blandaðan, fjármál og reikningshald, en námið á sínum tíma var frábrugðin því sem við þekkjum nú. Námið var áður fjögur ár en er nú þrjú. Andri vann sem markaðsstjóri eftir námið en endaði svo í fjármálum seinna meir. Hann telur félagsstörfín ekki síður mikilvæg en námið en það hafi gefið honum mikið að stunda þau af kappi. Fyrir utan það að vera í stjórn Mágusar var hann

í stúdentapólitíkinni og fór út í starfsnám með AIESEC. Telur hann að fólk sem almennt sækist í stjórnunarstöður sé fólk sem eigi eftir að ná langt sem stjórnendur fyrirtækja.






Týpískur dagur í starfi forstjórans ein-kennist af fundum, þeir eru margir en flestir mjög skemmtilegir. Fyrir utan fundina sem eru fastir daglegir liðir, tekur Andri sér alltaf tíma í hádeginu til að stunda líkamsrækt.

Andri leggur mikið upp úr gildum Ölgerðarinnar en þau eru jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni. Það er engin tilviljun að jákvæðni sé þarna fremst en það skiptir miklu máli að allt starfsfólkið sé jákvætt og opið fyrir breytingum. Ef það




er eitthvað sem alltaf er fast þá er það að breytingar munu alltaf eiga sér stað. Hann telur lykilinn að velgengni Ölgerðarinnar, fyrir utan það augljósa sem eru vörurnar, vera góðan kúltur innan fyrirtækisins og er mikið lagt upp úr því. Ef Andri gæti breytt einhverju væri það að hafa meiri tíma til þess að rölta um fyrirtækið og tala við starfsfólkið. Ölgerðin leggur einnig mikla áherslu á samfélagsábyrgð og er hún fléttuð inn í stefnumótun fyrirtækisins. Samfélagsábyrgð þeirra felst meðal annars í því að minnka mengun, koma í veg fyrir sóun, framlög til góðgerðamála, samstörf við íþróttahreyfingar, og margt fleira.

Að lokum gaf Andri Þór okkur eitt ráð og það í sinni einföldustu mynd: njótið lífsins!


INSTAGRAM



SNAPCHAT



TWITTER



Mímir Hafliðason @mimirhaf 03/05/14
skil ekki twitter

  3  18



Mímir Hafliðason @mimirhaf 03/05/14
Þetta er eitthvað skrítið en ég ætla að reyna aftur: Ég er heldur betur spenntur fyrir því að koma heim! Búið að vera frábær ferð hjá stráku

  2  15



Mímir Hafliðason @mimirhaf 03/05/14
af hverju kom ekki allt sem ég skrifaði? :S

  1  8



Mímir Hafliðason @mimirhaf 03/05/14
Ég er heldur betur spenntur fyrir því að koma heim! Búið að vera frábærð ferð hjá okkur strákunum en alltaf gott að koma heim í rúmið sitt o

  1  11



Brynjólfur Löve @binnilove 28/10/15
Er malarbílastæðið fyrir framán Odda HÍ fyrir fólk með skipulagskvíða eða þá sem að fengu aldrei að spila tetris?

  1  7



Hermann Ármannsson @longlive... 2.1.2016
Halla:mamma hvort finnst þer líklegra að gerist a undan, eg eignist kærasta og barn eda að stelpa sofi ovarth hjá hemma og hann eignist barn?

  1  17 



Elvar Magnússon @ElvarMagnusson

Maður getur alveg verið heimskur þó maður sé með heila



Eva Hlín @evahlinh 10/09/15
Er stödd í háskólaparty í Lund og ég tengdist strax við eduroam hí WiFi!! Er livin the dream

   6




Einar Logi @einarthorvaldss 18.10.2015
Veit einhver um kreditkortið mitt? Er búinn að panta 3 ný á árinu, kvíður fyrir að setja pinnið á minnið í 4 skiptið 😞

   3



Karitas Sigurðar @karitassigurð - 30 Nov 2015

Par fyrir framán mig á hlöðunni í sleik, er að meta hvort mér finnst þau asnaleg eða hvort ég sé öfundsjúk

   13 



Björn Öder Ólason @bjorn_oder 13/01/16
Hefur eitthver séð @Jongislistrom ? búin að vera leita að honum síðan á Þorlák #ástin #guðnaveikin

   13



Eva Hlín @evahlinh 20/04/15
Pabbi var að láta mig vita að kaffið sem ég er búin að vera drekka síðustu daga sé koffínlaust, sú blekking

  1  15



Björn Öder Ólason @bjorn_oder 1d
Skil ekki fólknið sem er edrú í janúar það er alltaf langbest að byrja árið með því að drulla á sig


  2  28 



Lilja Gyfjadóttir @liljagyfja · 1 Dec 2015

Vinkona mín var að vinna að Excel skjali um hjásvæfur ársins þegar tölvan hennar krassaði. S/O á einstaklinginn sem lagaði hana.

LIKES
27



3:02 PM - 1 Dec 2015 · Details



Kristinn Örn. @kristinn_orn 26/09/15

Ég pissa sitjandi á nóttunni.



Brynjólfur Löve @binnilove 07/01/16

Ef að batteríð þitt dugar allan daginn þá ertu of ljótur.



Hermann Ármannsson @longli... 31.12.2015

Mamma: madur eyðileggur ekki líf sitt með börnum... Börnin eyðileggja líf manns 🙌 #takkmamma



Heiðís Inga @heidisi



Afhverju sefur maður ekki bara alltaf í óþægilegu rúmi? Örugglega helmingi auðveldara að fara fram úr á morgnana.

RETWEET
1

LIKES
6



Kristinn Örn. @kristinn_orn · 14 Jun 2015

Af hverju er ég ekki búinn að fá BabyShower?? Elskar mig enginn?? Á eg enga vini??

RETWEET
1

LIKES
16



Fannar Ásgeirsson @fannarasgeirs 28/10/15

Veit ekki hvort er erfiðara, að hitta innstunguna undir borðnum á lesstofunni í HÍ eða skipta um á sængurverinu þegar gatið á er á hliðinni



Elísa Björg @elisabjrg · 30 Nov 2015

Eina sem ég geri núna svona korter í próf er að hugsa hvað mig langar mikið á skíði og skoða hvernig verðið er á flugmiðum til Sviss.. 😊



Elvar Magnússon @ElvarMagnsson 10/01/16

Maður getur alveg verið heimskur þó maður sé með heila



Hlynur Þór @hlynurthor 30.11.2015

Menn sem hjóla í snjó hljóta að vera lyfjaðir. Ég trúir ekki öðru.



Styrmir Vilhjálmsson @svilhjalms... 14/01/16

Ég ætla að sniðganga öll viðskipti við WOW air frá og með deginum í dag. Tók leiknum mjög alvarlega og er virkilega tapsár.



Heiðís Inga @heidisi



Afhverju sefur maður ekki bara alltaf í óþægilegu rúmi? Örugglega helmingi auðveldara að fara fram úr á morgnana.

RETWEET
1

LIKES
6



Heiður Ósk Eggertsdóttir @HeidurO · 20 Nov 2015

Tók mér góða 20mín pásu í að leita að reglustiku þegar ég vissi mjög vel að ég ætti hana alls ekki til. #laumulærdómaspása



Elvar Magnússon @ElvarMagnsson 16/08/15

hvað er betra þegar maður er lítill í sér að fá það beint í andlitið frá ömmu um að ég sé hlunkur og ætti að hafa mig hægán í vöfluáti?



Berglind Vignis @berglindvignis · 26 Sep 2015

Frekar sad að það voru tvær manneskjur í sleik á rúminu mínu í kvöld en hvorug þeirra var ég...





Reykjadalur

samstarfsverkefni í meistaranámi



Elmar H. Hallgrímsson

Áfanginn Samvinna og árangur sem er í meistaranáminu í Viðskiptafræðideild er í eðli sínu mjög einfaldur en samt flókinn. Í upphafi fá nemendur það hlutverk að setja upp fjáröflun fyrir Reykjadal en nánari útfærsla er algjörlega í þeirra höndum. Í áfanganum reynir á að hugsa út fyrir kassann ef svo má segja og láta sér detta í hug skemmtilega viðburði og aðrar leiðir til að safna fjármunum fyrir málefnið. Eins og heiti áfangsins ber með sér er mikilvægt að samvinnan og samskipti þeirra á milli gangi vel svo árangurinn geti orðið sem bestur.

Á meðal þeirra viðburða sem hópurinn setti upp voru bíokvöld, fjöltefi, bingó, förðunarkvöld o.fl., auk þess sem þau bjuggu til skemmtileg myndbönd. Þar voru í aðalhlutverk þeir gestir sem hafa heimsótt Reykjadal í gegnum tíðina og segja þau frá því hversu mikill ævintýrastaður þessar sumarbúðir eru.


Við völdum að styrkja Reykjadal en þetta eru einu sumarbúðirnar fyrir fötluð börn á Íslandi. Árlega dvelja þar um 300 börn á aldrinum 8-21 árs alls staðar að af landinu. Í Reykjadal eiga börnin skemmtilega daga í ævintýrarglegu umhverfi. Í dag er biðtíminn um tvö ár og langaði okkur að hjálpa til við að stytta þann biðlista og gera fleirum kleift að komast á þennan frábæra stað sem Reykjadalur er.

Það sem gerir þennan áfanga að mikilli áskorun er að það getur einfaldlega allt komið upp í þessu ferli og það er hlutverk nemenda að leysa úr því. Þetta getur verið allt frá því að afla tiltekinna leyfa, tryggja að lögum og reglum sé fylgt og svo er auðvitað mesta áskorunin að sækja á fyrirtæki með styrki eða viðburði í huga.

Nemendum er skipt upp í smærri hópa og fær hver hópur tengilið úr atvinnulífinu. Hlutverk þeirra er að styrkja nemendur og vera þeim til stuðnings við hugmyndavinnu og útfærslu. Tengiliðir eru Ásthildur Otharsdóttir, Margrét Sveinsdóttir, Steinunn Bjarnadóttir, Hrefna Sigfinnsdóttir og Ingunn Sveinsdóttir. Ég er afar þakklátur fyrir þeirra stuðning og er hann í raun ómetanlegur í verkefni sem þessu.

Þá hafa frábærir gestafyrirlesarar komið að áfanganum, m.a. Þór Sigfússon hjá Sjávarklasnum, Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari í Knattspyrnu og Ólafur Darri listamaður. Þeir töluðu m.a. um hvernig við getum náð árangri við að koma fram með eitthvað nýtt og frábrugðið, hvernig árangursrík markmiðasetning getur skilað okkur miklu og hvernig við getum tekist á við mótbyr með jákvæðum hætti.

Það sem gerir þessa vegferð okkar líka svo skemmtilega er hve vel okkur hefur verið tekið af háskólasamfélaginu hér í HÍ. Rektor opnaði áfangann og hvatti hópinn til dáða, markaðs- og samskiptasvið HÍ og markaðsstjóri viðskiptafræðideildar hafa reynst okkur vel sem og umsjónarmenn



bygginga skólans. Að sama skapi hefur forseti félagsvísindasviðs og deildarforseti Viðskiptafræðideildar stutt verkefnið af fullum krafti. Í raun má segja að við höfum hvergi komið að lokuðum dyrum herna í skólanum þegar okkur hefur vantað aðstoð og erum við afar þakklát fyrir það.

Fyrir mig persónulega er þetta eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið þátt í. Ég er afskaplega stoltur af þessum flotta hópi sem vann að fjáröfluninni og kom frumkvæði þeirra og lausnamiðuð nálgun mér skemmtilega á óvart. Ég bjóst við miklu en ég fékk einfaldlega þrjátíu snillinga í fangið í þessum áfanga sem tóku þetta alla leið.

„Það áhugaverðasta við starf mitt í Marel og jafnframt mest krefjandi er fjölbreytileikinn. Fjölbreytileikinn í verkefnum sem ég vinn að með mismunandi iðnuðum og samstarfsfólk mitt sem kemur allsstaðar að úr heiminum.

Helena Bjarnadóttir, viðskiptafræðingur, viðburðastjóri og fjallageit



Kynntu þér **fram tíðina** með okkur

Marel er í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja á Íslandi og í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á háþróaðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Við erum alþjóðlegt fyrirtæki og hjá okkur starfa um 4000 einstaklingar um allan heim.

framtid.is



*Vertu skrefi
á undan*

Safnaðu fyrir fyrstu önninni

Ef þú þarf að taka námslán mælum við með því að þú kynnr þér málin vel áður en þú byrjar í skólanum. Búðu þig undir spennandi framtíð.

Nánar á arionbanki.is/namsmenn



What happens at **NESU** stays in NESU

NESU eða Nordic Economic Student Union, hefur það markmið að láta þátttakendur kynna öðrum viðskipta- og hagfræðinimum á Norðurlöndunum ásamt því að fræðast um hin norðurlöndin, menningu og fyrirtæki í landinu. NESU nær þessu markmiði með því halda ráðstefnur, fyrilestra, skemmtanir og sitsi partý. Starfsemi félagsins hefur verið að aukast á Íslandi en af öllum Norðurlöndunum þá er Finnland með öflugasta starfið.

Hápunktur NESU er klárlega ráðstefnurnar sem eru haldnar tvisvar á ári um haust og vor. Það eru oftast 50-80 manns sem taka þátt í hverri ráðstefnu. Þeir sem taka þátt eru að byggja upp kröftugt tengslanet sem mun nýtast vel fyrir framtíðar viðskiptafræðinga sem vilja starfa á alþjóðlegum vettvangi. Til að byrja með þá hefst hver ráðstefna á léttri kynningu sem inniheldur við hverju má búast út vikuna. Þaðan liggur leiðin í sumarbústað þar sem allir taka þátt í sitsi. Til að útskýra aðeins hvað sitsi er í grófum dráttum þá sitja allir við langborð og fá nokkra drykki, þrjár „metnaðarfullar“ máltíðir og helling af sterkum skotum. Um kvöldið eru mörg lög sungin, einkennilegar sögur sagðar og allskonar reglur eru sem fáir vilja brjóta. Þetta er frábært tækifæri til að stækka sitt tengslanet og kynna þeim sem sitja í kringum mann. Helstu þættir sem eiga sér stað yfir ráðstefnuna er hinsvegar: Karaoke partý, Gala kvöld, Nordic evening, city run/pub crawl og stundum hefur verið djamm sundferð og lazer tag. Á næstkomandi ráðstefnu núna í mars verða nokkur mögnuð workshop yfir vikuna t.d. Rovio sem gerði Angry birds, Siedi sem er að koma með nýjan leik á markaðinn fljótlega, Sori Brewing því bjór er góður og önnur mögnuð fyrirtæki.

Núna í vor verður næsta ráðstefnan haldin í Jyväskylä, Finnlandi 7.-13. Mars. Þemað að þessu sinni verður „Game Business“. Háskóli Íslands mun senda sína fulltrúa á ráðstefnuna og munu þeir halda heiðri Íslendinga uppi með drykkju og mikilli skemmtun. Að þessu sinni hefur einnig verið plönuð helgarferð til Eistlands þar sem Íslendingunum er boðið í sitsi partý og þá verðum við staðsett í Tallinn helgina fyrir ráðstefnuna.

Þó svo að umsóknar frestur fyrir vor ráðstefnuna sé liðinn þá er alltaf hægt undirbúa sig fyrir næstu ráðstefnu um haustið en það verður hægt að sækja um að taka þátt í ágúst en þangað til geta allir verið sammála um að NESU ráðstefnurnar eru skemmtileg lífsreynsla sem enginn má láta framhjá sér fara. Sjáumst vonandi á næstu NESU ráðstefnu!

Meiri upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefsíðum:

www.nesu.net


www.nesuconference.com

Höfundar:

Kristján Bragi Berglindarson

Valdimar Már Maximus Pétursson





Karlar eru þrisvar til
fjórum sinnum líklegri
en konur til að
taka líf sitt.



SKIPTINÁMIÐ MITT



Magnús Freyr Erlingsson

UPPHAFIÐ

Að flytja erlendis var lengi draumur hjá mér og það mætti segja að hugmyndin um að fara í skiptinám hafi kviknað í menntaskóla. Þegar ég var um það bil hálfnaður með námið mitt við Fjölbautaskólann við Ármúla fékk ég skyndi-

lega mikla löngun í að fara erlendis og upplifa eitthvað nýtt. Ég lét hinsvegar aldrei verða af því að sækja um skiptinám og sá mikið eftir því. Þegar ég sá möguleikann um að fara í skiptinám frá HÍ þá var ég staðráðinn í að láta þennan draum rætast. Mér fannst mikilvægt að fara út fyrir norðurlöndin til að kynna fjarlægri menningu en vildi helst vera innan Evrópu.

UMSÓKNARFERLIÐ

Ferlið sjálft er mjög einfalt sem slíkt og ég lofa starfsfólk skrifstofu alþjóðasamskipta sérstaklega fyrir góðar leiðbeiningar. Ég byrjaði á því að finna skóla þar sem viðskiptafræði væri kennd á ensku. Það kom mér mikið á óvart hversu mörg lönd komu til greina en ég var mest spenntur fyrir Spáni og Ítalíu. Fyrir valinu varð skóli á Suður-Spáni sem heitir Universidad de Jaén og í gang fór mjög auðvelt ferli og ég fékk bréf frá skólanum úti mjög fljótt.

FERDALAGIÐ

Áður en ég fór til Jaén ferðaðist ég aðeins á Spáni. Ég byrjaði á því að eyða níu dögum í Barcelona þar sem ég fór til dæmis á kvöld tileinkað tungumálaskiptum. Þar var skipst á ensku og spænsku kunnáttu, ég sem kunni ekki stakt orð í spænsku endaði á því að tala bara ensku allt kvöldið. Ég kynntist samt

skemmtilegu fólki og þetta var góð æfing í að fara út fyrir þægindarammann. Restin af tímanum fór í að njóta menningarinnar en ég var líka heppinn að einn besti vinur minn var þarna á sama tíma. Næst var ferðinni heitið til Granada sem er tæpum 900 kílómetrum frá Barcelona. Ég ákvað að taka rútu þessa leið með tvær stútfullar ferðatöskur sem tók ekki nema 13 klukkutíma með stoppum hér og þar á leiðinni, það geri ég aldrei aftur.

Klukkan sex um morgun var ég kominn til Granada, borg á Suður-Spáni sem telur um 240.000 manns og flestir tala litla sem enga ensku. Þar sem ég var með tvær stórar töskur tók ég leigubíl frá rúttstöðinni á farfuglaheimilið þar sem ég átti pantað herbergi. Þarna stóð ég fyrir utan gamalt nunnuklaustur sem búið var að breyta í farfuglaheimili, engin bjalla var á útidyrnum en lítill miði með símanúmeri var í hurðar-

glugganum. Ég var heppinn að eiga inneign á símanum og gat hringt í þetta númer, í símann svaraði maður sem var mjög þreytulegur í fasi og talaði einungis spænsku. Ég reyndi mitt besta til að útskýra fyrir þessum manni hvað mér gengi til og eftir um tíu mínútur kom hann til dyra. Þar stóð hann og ausaði yfir mig eitthverjum spænskum orðum í fáeinar mínútur og hleypti mér loks inn og afhenti mér lykila að herberginu. Í nunnuklastrinu kynntist ég strák sem heitir Mohammad og er flóttamaður frá Írak. Hann er að klára doktorsgráðu í spænsku í háskólanum í Granada, við spjölluðum lengi saman um ástandið í Írak og hann sýndi mér svo helstu staðina í borginni.

TÁR, BROS OG TAPAS

Þegar ég kom til Jaén tók á móti mér stelpa sem var buddy-inn minn í gegnum háskólan. Hennar verkefni sem buddy fólst í því að sýna mér borgina, hjálpa mér við að finna húsnæði og sýna mér skólasvæðið og í staðin gæti hún bætt enskukunnáttuna sína. Hún tók þetta hlutverk hinsvegar á allt annað plan og varð mín besta vinkona á meðan skiptináminu stóð. Eftir að hafa skoðað eina íbúð sem minnti helst á dögrenni í bíómynd tók ég næstu íbúð sem við skoðuðum og það reyndist vera góð ákvörðun. Íbúðin var stór og rúmgóð með herbergi fyrir þrjá íbúa og ekki skemmdi fyrir að hún var í hjarta borgarinnar.

Þegar ég flutti inn var engin sem bjó í íbúðinni en þó var spænskur strákur sem heitir Ivan búin að taka frá eitt herbergi fyrir sig. Fyrsta daginn minn í íbúðinni fann ég fyrir mikilli heimþrá og spurði mig hvað ég væri búin að koma mér út í. Ég hafði ekki aðgang að interneti, þekkti engan og kunni ekki stakt orð í spænsku. Ég hafði lesið í reynslusögum annara að þetta væri eðlilegt og þetta myndi líða yfir á nokkrum dögum. Eftir nokkra erfiða daga flutti inn strákur frá Suður-Kóreu sem heitir Moon og stuttu seinna kom Ivan. Moon var að læra viðskiptafræði eins og ég í háskólanum en Ivan er tónlistarkennari. Þar sem skólinn hófst ekki fyrr en tveimur vikum eftir að ég kom til Jaén höfðum ég og Moon nægan frítíma til að kanna matar- og vínmenningu Spánar.

Hugmyndir mínar hvað tapas væri komu að stórum hluta frá Tapas barnum í Reykjavík þar sem þú pantar þér ýmsa smárétti og borgar fyrir hvern og einn. Í Jaén er þetta öðruvísi, þú pantar þér drykk og færð tapas



Ég held að þessi reynsla hafi gefið mér meira á fimm mánuðum en mig hefði nokkurn tíman órað fyrir. Ég eignaðist marga vini sem ég get vonandi haldið sambandi við um ókomna tíð

í kaupæti. Þetta fannst mér mjög skrítið og velti því fyrir mér hvernig fólk getur komið út í plús á þegar drykkurinn kostar innan við tvær evrur. En tapas-ið er hinsvegar misjafnlega gott og stærð þess er mjög breytilegt. Ef þú lesandi góður átt leið til Jaén verður þú að fara á stað sem heitir Vandelvira sem er lítill bar í miðri borginni. Það mætti að segja að eigendur þess staðar hafi verið fósturforeldrar mínir í skiptinám-

inu þar sem ég borðaði hjá þeim um þrisvar sinnum í viku.

UNIVERSIDAD DE JAÉN

Háskólinn var stofnaður árið 1993 og allar byggingar því frekar nýlegar. Í skólanum eru um 16.000 nemendur sem er frekar mikið miðað við að borgin telur um 100.000 manns. Það eru margir skiptinemar í skólanum og þeir koma frá öllum heimshornum. Það sem kom mér mest á óvart þegar ég byrjaði í skólanum var hvað allt gengur hægt á Spáni. Dagsetningar sem settar eru fyrir skil á gögnum og annað slíkt virðist vera meira upp á punt heldur en eitthvað sem farið er eftir. Tímasetningar eru líka dálítið afstæðar á Spáni, ef þú mætir nokkrum mínútum of snemma á fund ertu ókurteis. Það er nokkuð almenn regla að mæta um tíu mínútum seinna en fyrirfram er ákveðið og þess vegna hófust kennslustundir venjulega nokkrum mínútum seinna en stundataflan sagði til um. Kennslan úti var nokkuð á pari við það sem maður venst hér heima þó ekki hafi alltaf verið gerðar sömu kröfur til skiptinema og annara nemenda.


EYÐIMERKURGANAN

Ódýrasti ferðamátinn innan Spánar eru rút-



ur og þær ganga á milli flestra borga með stuttu millibili. Ég reyndi að nýta öll tækifæri sem mér gáfust til að ferðast innan Spánar en fór einnig til Portúgal og Marokkó. Það var ein ferð sem stóð sérstaklega upp úr, það var Marokkó. Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af Afríku og menningunni sem er að finna þar. Áður en ég fór til Marokkó hafði ég ákveðnar hugmyndir um það hvernig fólkíð kæmi fram og lífi þeirra væri háttað. Ég gat ekki haft meira rangt fyrir mér og ég fékk samviskubit yfir því að hafa haft þessar hugmyndir. Fólkíð sem ég kynntist frá Marokkó er með því vinalegra sem ég hef komist í kynni við og það sama má segja um Spánverjana. Þó að það vanti enn töluvert upp á að lífsgæði séu svipuð og í Vestur-Evrópu þá er landið búið að þróast mikið á síðastliðnum 15 árum.

Við fórum saman 20 manna hópur úr skólanum á vegum fyrirtækis sem sá um okkur í eina viku. Við flugum frá Madrid til Marrakesh og eftir eina nótt var ferðinni haldið akandi suður í átt að Sahara. Við stoppuðum á um það bil hálf tíma fresti til þess að taka myndir af fjölbreyttu landslaginu sem minnir mikið á Ísland nema með töluvert minni gróðri og umlukíð heitara loftslagi. Hótelin sem við gistum á næstu tvær nætur voru bæði fjarri öðrum byggðum og upplifunin að horfa á stjörnuþjartan himininn við dýnjandi trommuslátt er engu lík. Eftir tveggja daga ferðalag vorum við komin að rötum Sahara þar sem við tók úlfaldaferð inn í eyðimörkina. Við lögðum af stað við sólsetur seinnipart dags og ferðin tók um 45 mínútur. Í eyðimörkinni hittum við aðra hópa af ferðamönnum og við héld-



um kvöldvöku saman þar sem trommurnar voru í aðalhlutverki eins og önnur kvöld. Orð fá því ekki lýst hvað sólarupprásin var falleg dagin eftir þegar við yfirgáfum Sahara. Ferðalagið hélt svo áfram með stoppum á skemmtilegum stöðum til baka í átt að Marrakesh þar sem við flugum til Madrid.

Ég held að ég hefði ekki getað óskað mér betri félagsskap í þessa ferð. Við fórum út sem kunningjar en komum heim sem bestu vinir og hópurinn hélt miklu sambandi út skiptinámið.

KVÆDJAN

Síðustu vikuna fékk ég tvo af mínum bestu vinum í heimsókn frá Íslandi og ég kvaddi Spán og erlendu vini mína með því að bjóða í heiðarlegt hangikjöt og harðfisk með smjöri. Þessi vika var skrautleg svo ekki sé meira

sagt en þeir sem þekja til geta svo sem getið sér til um hvernig hún var. Það var samt mjög skrýtið að kveðja fólk sem maður er ekki viss um að hitta nokkurn tíman aftur á lífsleiðinni.

“Tíminn líður hratt á gervihnattaöld” söng lcy á sínum tíma og það á ekki síður við í dag. Mér fannst ég nýkominn þegar ég fór að telja niður dagana sem eftir voru. En ég held að þessi reynsla hafi gefið mér meira á fimm mánuðum en mig hefði nokkurn tíman órað fyrir. Ég eignaðist marga vini sem ég get vonandi haldið sambandi við um ókomna tíð og mun án efa heimsækja á einhverjum tímapunkti. Ég hvet alla sem hafa tök á því að fara í skiptinám að hika ekki og henda sér út í djúpu laugina vegna þess að þegar þú lítur til baka munt þú ekki sjá eftir því. Ég gæti fyllt töluvert fleiri síður með sögum af þessum tíma en læt þetta nægja í bili.

AÐ SÆKJA UM SKIPTINÁM

Langar þig að fara í skiptinám, en veist ekki hvað þú átt að gera eða hvar þú átt að byrja?

Engar áhyggjur því við höfum sett sam- an punkta til að gera þetta ferli auðveldara fyrir þig.

1. Athugaðu hvort að þú verðir ekki örugg- lega búin/n með 60 einingar við HÍ áður en þú ferð út.

2. Veldu samstarfsskóla Háskóla Íslands sem þú hefur áhuga á að fara til. Athugaðu sérstaklega hvort að það sé ekki samstarf í þínu fagi og á þínu námsstigi á milli skól- anna.

3. Sæktu um þann skóla sem þú kýst helst og tvo aðra skóla til vara.

4. Hugaðu að því að stundum er gerð krafa um tungumálapróf.

5. Pantaðu viðtal hjá deildinni þinni til að fara yfir fyrirhugaða námsáætlun við er- lenda háskólann og fáðu undirskrift á námsáætl- un þína svo kallaðan „Learning Agreement“

6. Sæktu um rafrænt á www.hi.is/skiptin- am og skilaðu umsókninni útprintaðri og undirritaðri ásamt fylgigögnum í umslagi til Þjónustuborðs á Háskólatorgi. Athugið að umsóknarferlið er tvíþætt. Fyrst er sótt um rafrænt til Skrifstofu alþjóðasamskipta og verði umsækjandi tilnefndur þá þarf hann að sækja um til þess skóla sem hann hygg- ur á skiptinám í. Umsækjandi þarf að kynna sér hvenær umsóknarfrestur í skólann rennur út og sækja um fyrir þann tíma.

7. Ef farið er í skiptinám til Evrópu er hægt að fara á vegum Nordplus eða Erasmus+ og fá þá ferðastyrk sem skerðir ekki námslán frá LÍN. Það eru mismunandi umsóknir fyrir Erasmus og Nordplus. Fyllið einungis út eina rafræna umsókn, ekki bæði Erasmus og Nordplus. Þegar þið fyllið út rafræna

Umsögn frá Ídu Páls- dóttur sem er í Lundi í Svíþjóð í skiptinámi:

Fyrir u.þ.b. ári síðan ákvað ég að Íslandi væri ekki alveg nægilega næs og ég þyrfti að gera eitthvað í því. Þannig ég sótti um skipti- nám. Daginn sem átti að skila inn umsókn átti ég eftir að gera næstum því allt. Hlaupandi á milli hæða í HÍ náði ég sem betur fer að skila inn umsókninni tímanlega. Thank god.

Draumurinn var alltaf að fara í stórborg. Lifa einhverju illuð Sex and the City stórborgarlífi. Svo næsta skref var augljóslega að sækja um pláss í Lundi, Sví- þjóð. Háskólaborgin sem Georg Bjarnfreðarson dásamaði á sínum tíma. Lundur er ekkert New York en djöfull er hún næs. Ég er mjög ánægð með þá ákvörðun að sækja um skóla í háskólabæ. Það er vel haldið utan um nemendur og auð- velt að kynnast fólki.

Ég hef tekið margar misgáfur- legar ákvarðanir í gegnum lífsleið- ina en að fara í skiptinám er ekki ein af þeim. Að fara í skiptinám er snilld. Að fara í skiptinám í heilt ár

umsóknina eruð þið sjálfkrafa að sækja um styrk. Athugið að mikilvægt er að gefa upp hí-netfang í umsókn. Skiptinám á vegum Nordplus er til Norðurlanda og Eystra- saltslanda. Skiptinám á vegum Erasmus+ er til Evrópusambandslanda og einnig til Noregs og Tyrklands.

8. Eftir að þú hefur fengið tilkynningu frá Skrifstofu alþjóðasamskipta um að þú hafir verið tilnefndur í skiptinám skaltu vera við- búin/n að útvega fljótt þau gögn sem gæti verið kallað eftir hjá HÍ eða hjá gestaskóla. Hafðu hugfast að komið getur fyrir að þú



er snilld. Þú kynnist fullt af fólki (ég veit þetta hljómar klisjulega), en það er grínlaust það besta við þetta allt saman. Svo geturu líka tjillað geðveikt mikið með nýju vinum þínum því eina sem þú þarft að gera námslega séð er að ná áföngunum sem þú ert í. Engin einkun. Bara staðið eða fall. Al- gjör draumur.

Ef þú ert orðin þreytt/ur á að sitja í tímum í Háskólabíó, þreytt/ur á vinum þínum og/eða þreytt/ur á Íslandi— þá mæli ég með að fara í skiptinám. Það er heavy næs.

fáir tilnefningu í skóla sem þú hefur tilgreint sem annað eða þriðja val.

9. Athugaðu að vegabréfið þitt sé í gildi að minnsta kosti út áætlaðan dvalartíma erlendis og helst lengur. Sum lönd geta krafist þess að það gildi í a.m.k. 3–6 mánuði umfram fyrirhugaða dvöl í landinu.

Kostir skiptináms eru ótal margir og gefur það manni einstakt tækifæri til að kynnast nýju landi, menningu og fólki. Við hvetjum því alla til að kynna sér þá möguleika sem eru í boði, því þetta er ótrúlega skemmtileg lífsreynsla sem enginn ætti að missa af.

VILTU NÁ FORSKOTI?

MEISTARANÁM VIÐ HR



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Með því að ljúka meistaranámi frá HR öðlast þú sérhæfingu og nærð forskoti á vinnumarkaði. Námið við HR er í sífelldri þróun og ávallt í takt við þarfir atvinnulífsins.

Viðskiptadeild

Deildin tekur virkan þátt í að mennta stjórnendur framtíðarinnar og leggur í starfi sínu áherslu á samfélagslega ábyrgð, nýsköpun og alþjóðlega sýn. Tvær námsbrautir við deildina hafa alþjóðlega gæðavottun.

Námsleiðir:

- Alþjóðaviðskipti og markaðsfræði
- Fjármál fyrirtækja
- Klínísk sálfræði
- Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði
- Markaðsfræði
- MBA (Master of Business Administration)
- Reikningshald og endurskoðun
- Upplýsingastjórnun
- Viðskiptafræði með vali
- Stjórnunarreikningsskil og viðskiptagreind

„Starf mitt hjá HS Orku felur í sér margar skemmtilegar áskoranir og tel ég mig verða enn betur undirbúinn að takast bæði á við þær sem og nýjar að námi loknu. Ég myndi vilja halda áfram að mennta mig í framtíðinni og er þá nám við HR ofarlega á lista. Námsskipulag er sveigjanlegt og því hef ég fundið gott jafnvægi milli náms og vinnu.“

◀ Matthías Örn Friðriksson

Meistaranevi í fjármálum fyrirtækja
Deildarstjóri reikningshalds hjá HS Orku

5 KENNARAR SPURNINGAR



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Kennir rekstrarhagfræði 2

Upphaldsmatur í Hámu? Sushi.

Eftirminnilegasta atvik úr tíma? Atvikið átti sér eiginlega stað utan tíma. Einn allra mesti töffari sem ég kenndi við Háskólann í Miami skrifaði mér afsökunarbréf og í viðleitni sinni til þess að sýna iðrun skrifaði hann mér á íslensku. Þetta var fyrir tíma google translate og viðlíka forrita. Bréfið byrjaði á orðunum "Ég vera hryggur". Mér fannst það mjög krúttlegt.

Hvaða bók er á náttborðinu? Grooks eftir Piet Hein.

Upphaldsstaður á Íslandi? Hvalfjörður

Kók eða pepsi? Allir svartir kóladrykkir eru of góðir.

Bolli Héðinsson

Kennir rekstrar- og fjárhagsbókhalda

Upphaldsmatur í Hámu? Hafraklattarnir alltaf góðir.

Eftirminnilegasta atvik úr tíma? Þegar nemandi spurði mig spurningar um leið og hann sendi SMS, verandi með heyrnartól í eyrunum og borðaði samloku um leið.

Hvaða bók er á náttborðinu? Sjóvekur í München eftir Hallgrím Helgason. Bókin um Ísland í seinni heimsstyrjöldinni er of þung (3 kg) fyrir rúmlestur.

Upphaldsstaður á Íslandi? Fyrir utan heimili mitt þar sem mér líður afskaplega vel þá er það Akureyri. Reyni að komast þangað eitthvað í hverju sumarfríi.

Kók eða pepsi? Ég er lítið fyrir merkjavöru svo ég sakna Bónus-kólans.



Sveinn Agnarsson

Kennir rekstrarhagfræði 1

Upphaldsmatur í Hámu? Eitthvað með salatinu góða, t.d. steikt rauðspretta.

Eftirminnilegasta atvik úr tíma? Ekkert sem stendur upp úr. Ætli ég sé ekki enn að bíða eftir því?

Hvaða bók er á náttborðinu? Þegar siðmenningin fór fjandans til. Íslendingar og stríðið mikla

1914-1918 eftir Gunnar Þór Bjarnason

Upphaldsstaður á Íslandi? Miðbær Reykjavíkur.

Kók eða pepsi? Kók

Saga Guðmundsdóttir

Kennir tölfræði A

Uppáhaldsmatur í Hámu? Plokkfiskur

Eftirminnilegasta atvik úr tíma? Mér er minnisstætt þegar ég var að útskýra ákveðið viðfangsefni tölfræðinnar og reyndi eftir bestu getu að hrifa fólk með mér. Ég lauk yfirferðinni á því að spurja út í salinn hvort nemendurnir hefðu fylgt mér. Beint fyrir framan mig var nemandi sem kinkaði ákveðið kollinum játandi en fyrir ofan hann, þar var annar sem hristi hausinn neitandi. Þetta er eftirminnilegt atvik því þetta endurspeglar mína helstu áskorun sem kennari. Að ákveða hvar þú dregur línuna. Því þú vilt ná til allra en á sama tíma þá verður þú að gera kröfur til nemenda þinna.

Hvaða bók er á náttborðinu? Thinking, fast and slow eftir D. Kahneman og Litla Byltingar eftir Kristínu

Helgu Gunnarsdóttur

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Þórsmörk og Þakgil

Kók eða pepsi? Coca cola



Erla S. Kristjánsdóttir

Kennir vinnulag- og aðferðafræði

Uppáhaldsmatur í Hámu? á köldum vetrardögum er Indversk grænmetissúpu með kókus og engifer í Uppáhaldi.

Eftirminnilegasta atvik úr tíma? Það er svo margt skemmtilegt sem kemur fram í tíma, en ætli það sé ekki helst í sambandi við æfingu sem nemendur hafa gert í námskeiðinu um vinnulag og aðferðafræði. Æfingin byggist á hlusta á stutta sögu og endursegja hana. Það bregst ekki að miklar breytingar verða á sögunni og það verður mikið glens og gaman í tímanum.

Hvaða bók er á náttborðinu? Það eru alltaf nokkrar bækur á náttborðinu um menningu og samskipti og einnig jákvæðar bækur sem er gott að lesa áður en ég fer inn í draumaheiminn. En ég er í bókaklúbbi og valdi bók sem heitir: Stúlkan með höfuð eftir Þórunni Erlu Valdimarsdóttur, ég er ekki búin að lesa hana.

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Mér finnst Snæfellsnes vera flottur staður og maður fær mikinn kraft úr Snæfellsjökli J

Kók eða pepsi? Íslenskt vatn er besti drykkurinn, ég drekk helst ekki gosdrykki.



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Hafið er matarkistan okkar og nátengt ímynd landsins. Við viljum halda hafinu og ströndum Íslands hreinum og ómengduðum um ókoma tíð. Á því veltur framtíð okkar, velferð og sjálfsvirðing.

Máltækið „lengi tekur hafið við“ á ekki að eiga við um sorp og ýmis hættuleg efni sem geta borist í hafið af mannavöldum.



HÍ

V

Birgitta Sigurðardóttir

formaður Mágusar

Fyrir hvað stendur SVÓT (4 stig)? Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri. **4R**

Nefndu þrjá sem eru í forsetaframboði í Bandaríkjunum (3 stig)? Donald Trump, Hillary Clinton og Barack Obama (Fitzgerald Grant III? Langar) **2R**

Fyrir hvað stendur B í B5? Bankastræti **R**

Hver er utanríkisráðherra? Gunnar Bragi (Sveinsson) **R**

Hver er Ungfrú Ísland? Arna Ýr **R 1R**

Fyrir hvaða lið spilar Sara Björk Gunnarsdóttir fótbolta, og í hvaða landi (2 stig)? Svíþjóð. **1R**

Hvað er í Sex on the beach kokteilnum (4 hlutir)? Romm, Ananaslíkjör, Vodka og kirsuberjalíkjör. **1R**

Hver var efstur á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi árið 2015? Mark Zuckerberg **V**

Hversu mörg tímabil hefur Ólafur Ragnar Grímsson verið í forsetaembættinu? 5 tímabil, 20 ár. **R**

Hver er höfuðborg Tyrklands? Istanbul **V**


Hvaða var fyrsta Besta útihátíðin haldin? Galtalæk **R**

Hver er borgastjóri Reykjavíkur? Dagur B Eggerts **R**

15 stig/21

S

HR



Anton Reynir

formaður Markaðsráðs

Fyrir hvað stendur SVÓT? (4 stig) Styrkleikar, ógnanir, veik-
leikar, tækifæri. **4R**

*Nefndu þrjá sem eru í forsetaframboði í Bandaríkjunum? (3
stig)* Sanders, Hillary, Trump, Ted Cruz **3R**

Fyrir hvað stendur B í B5? Bankastræti **R**

Hver er utanríkisráðherra? Gunnar Bragi Sveinsson **R**

Hver er Ungfrú Ísland? Ástþór Magnússon **V**

*Fyrir hvaða lið spilar Sara Björk Gunnarsdóttir fótbolta, og í
hvaða landi? (2 stig)* Noregi **V**

Hvað er í Sex on the beach kokteilnum (4 stig)? Ananaslíkjör,
Paloma, kókosnetulíkjör **V**

*Hver var efstur á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi árið
2015?* Bill Gates **R**

*Hversu mörg tímabil hefur Ólafur Ragnar Grímsson verið í
forsetaembættinu?* fimm tímabil **R**

Hver er höfuðborg Tyrklands? Basil **V**

Hvaða var fyrsta Besta útihátíðin haldin? Galtalæk **V**

Hver er borgastjóri Reykjavíkur? Dagur B Eggertsson **R**
13 stig/21

GÓÐAR NÁMSVENJUR



Ef þú átt í erfiðleikum með að byrja á verkefnum, finnst þú stundum vera á síðustu stundu með námið eða ekki að nýta tímann þinn nógu vel gætir þú grætt á því lesa þessa grein. Góðar námsvenjur geta stuðlað að velgengni í námi, dregið úr streitu og bætt líðan. Hvernig eru þínar námsvenjur?

Það er alltaf erfitt að tileinka sér nýja hluti. Því oftar sem þú leggur þig fram við að tileinka þér eitthvað nýtt, því auðveldara er að gera það að vana.

FÁÐU YFIRSÝN YFIR NÁMIÐ

Góð námsvenja er að hafa yfirsýn yfir námið. Með því að hafa góða yfirsýn yfir nám þitt þá liður þér eins og þú hafir meiri stjórn á því.

- Fyrst skaltu taka saman kennsluskrár allra námskeiða og kennsluáttak Háskólans. Næst er það að merkja inn á dagatal mikilvægar dagsetningar út önnina. Nýttu þetta dagatal einnig í að merkja aðrar mikilvægar dagsetningar sem tengjast ekki náminu.

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1 Útskraning námskeið	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12 Verkefni í VIÐ 103 G	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22 Verkefni í VIÐ 201G	23	24	25 Tími hjá lækni	26	27
28	29					

1. feb Síðastidagur að skrá sig úr námskeiðum

12. feb 20% einstaklingsverkefni

22. feb 30% hópverkefni

25. feb tími hjá lækni kl. 15:00



NÝTTU TÍMANN VEL

Það eru aðeins 24 tímar í sólarhring, gerðu ráð fyrir að 8 tímar fari í svefn, 8 tímar í námið og 8 í áhugamál og annað. Reyndu að nýta þessa 8 tíma á dag sem fara í námið eins vel og þú getur. Góð leið til þess að nýta tímann vel er að útbúa lista sem þú ert með í gangi yfir önnina. Annarsvegar að vera með lista yfir þau verkefni sem þú ætlar að klára yfir vikuna og hinsvegar lista yfir það hvernig dagurinn liggur fyrir.

VIKULEGI LISTINN

- Fyrst skaltu taka saman það sem þú þarft að gera yfir vikuna.
- Næst skaltu forgangsraða verkefnum þínum. Merktu A við það sem þarf að klárast fyrst, síðan B og svo koll af kolli.
- Síðan krossar þú út af listanum jafnóðum.

DAGLEGI LISTINN

- Úthlutaðu þeim verkefnum sem þú ætlar að komast yfir í dag í vinnulotur sem henta þér. Vinnulotur gætu verið frá 20-60 mín með 5-15 mín pásu. Hér er dæmi um hvernig deginum gæti verið skipt upp til þess að komast yfir verkefni A og B á viku listanum. Skrifaðu síðan annað sem þú þarft að gera yfir daginn sem krefst ekki tímalotu eins og t.d. að fara í ræktina og matvörubúð.

A	Lesu bls. 40-60 í Þjóðhagfræði	9-0:40	Lesu í Þjóðhagfræði
		10min pásu	
D	Lesu Kafa 5 í rekstrarstjórnun	9:50-10:30	Lesu í Þjóðhagfræði
		5 min pásu	
		10:40-12:20	Lesu í Þjóðhagfræði
B	Lesu kafla 4 í Tölfræði	13-13:40	Lesu 4 kafla í Tölfræði
		10 min pásu	
		13:50-14:30	Lesu 4 kafla í Tölfræði
		10 min pásu	
C	Byrja á verkefni í VIÐ 103G	14:40-15:20	Lesu 4 kafla í Tölfræði
		10 min pásu	
		15:30-16:20	Lesu 4 kafla í Tölfræði
F	Bíll í smurningu		
E	Heimildir fyrir lokaverkefni		
G	Skrá í endnote námskeið		

	Matvörubúð
	Þvottur
	Rækt
	Þáttur

HVATNING

Til þess að drífa sig af stað og komast yfir verkefni dagsins er oft gott að búa sér til einhverja „gulrót“ sem hvetur mann áfram. Þessi gulrót getur verið að horfa á þátt, kíkja á kaffihús eða einfaldlega hanga og gera ekki neitt með góðri samvisku.

NÁNARI AÐSTOÐ VIÐ NÁMSVENJUR

Þeir sem þurfa smá aðstoð við að koma sér af stað geta verið í sambandi við Sigrúnu, en hún er að ljúka námi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hún útskrifaðist sem viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík árið 2011 og hefur einnig diplóma í Professional Organizing frá Bandaríkjunum. Hún starfar nú á Nemendaskrá Háskóla Íslands og ætlar að taka að sér að aðstoða nemendur við HÍ að hefja góðar námsvenjur eða viðhalda þeim. Þessa önnina verður þjónustan að kostnaðarlausu og eru nokkur pláss hjá henni í boði. Þeir sem komast ekki að í fyrstu geta verið settir á biðlista. Þið getið verið í sambandi við hana á sigrunhakonar@gmail.com

Best að vera Pollýanna

Einstaklingsframtakið skiptir öllu máli

Jæja, ég var fengin til að skrifa pistil fyrir Mágusartíðindi. Um fjöllunarefnið átti að vera einhvað málefnalegt og skemmtilegt. Þegar ég settist niður og byrjaði að hugsa og hugsa og hugsa. Það kom ekkert upp í hugann nema neikvætt kvart, í rauninni bara væl. Mér brá, ég ætlaði alls ekki að vera neikvæð og hvað þá kvarta og allra síst væla. Er ekki nóg af því allsstaðar? Ég tók mér pásu, fékk mér sótsvart kaffi með smá sykri og settist aftur niður.

Ég fór að leita af einhverju skemmtilegu og jákvæðu. Það kom mér gríðarlega á óvart hversu erfitt það er að finna fréttir um góðan árangur EN það tókst. Jafnréttismál kynjana eru mér mjög mikilvæg og því var það málefnið sem varð fyrir valinu.

Mikil vinna fer hér fram á hverjum einasta degi til þess að ná fram jafnrétti. Þess má geta að samkvæmt jafnréttisskýrslu ársins 2015 frá The World Economic Forum erum við fremst í flokki í öllum heiminum. Í skýrslunni fá 145 lönd einkunn frá 0 – 1, Ísland er með 0,8811

. Við erum í fyrsta sæti af öllum heiminum og við erum búin að verma það sæti frá árinu 2009, það má ekki gleymast. Auðvitað má alltaf gera betur og jafnrétti er ekki náð en við á litla Íslandi erum á mjög hraðri uppleið. Slæmu fréttirnar eiga það til að fanga hug okkar allann og auðvelt er að einblína á það sem illa fer. Það getur leitt til þess að litlu sigurnir og allir góðu hlutirnir sem gerast á hverjum degi hætta að skipta máli. Ég tel það ekki góða þróun hvorki fyrir okkur sem einstaklinga né samfélag, við stöðnum. Að mínu mati er ekkert verra en stöðnun á hvaða formi eða vettvangi sem er. Við ráðum hverju við



Guðbjörg Lára Másdóttir

einbeitem okkur að, um hvað við tölum og hvaða fréttir við lesum. Við þurfum bara að læra að velja rétt. Það er einstaklingsframtakið sem skiptir öllu máli til að samfélagið nái árangri að mínu mati. Við byggjum upp það sem við viljum sjá og uppskerum eins og við sáum.


Ég gæti rumsað hér fram og aftur um allt það góða sem við erum að gera sem einstaklingar og samfélag. Við sem einstaklingar myndum samfélagið sem við búum í mér finnst mikilvægt að við munum það.

Mig langar að leggja sérstaka áherslu á þá staðreynd að þó

Enginn gerði stærri mistök en sá sem gerði ekkert af því að honum fannst hann geta gert svo lítið“.

að við séum númer eitt í heiminum á sviði jafnréttismála þá þýðir það ekki að við ættum að stoppa. Það á við um allt og alla sem eru númer eitt. Þeir eru á þeim stað vegna þess að þeir hætta aldrei heldur halda ótrauðir áfram að breyta og bæta sama hversu stór eða lítil sú breyting eða bæting er. Það skiptir allt máli.

Mig langar að ljúka þessum hugleiðingum á orðatiltæki sem mamma mín lagði mikla áherslu á frá því í barnæsku og hefur alltaf verið mér ofarlega í huga: „Enginn gerði stærri mistök en sá sem gerði ekkert af því að honum fannst hann geta gert svo lítið“.







Viltu vita meira og meira?



Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt framhaldsnám.

Þú getur valið um 11 námsleiðir í framhaldsnámi:

MA í skattarétti og reikningskilum

MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

MS í stjórnun og stefnumótun

MS í nýsköpun og viðskiptapróun

M.Acc. í reikningshaldi og endurskoðun

MS í verkefnastjórnun

MS í mannauðsstjórnun

MS í viðskiptafræði

MS í fjármálum fyrirtækja

PhD í viðskiptafræði

MBA í viðskiptafræði

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl.

Hægt er að sækja um rafrænt á www.vidskipti.hi.is.

Umsóknarferstur í MBA nám er 25. maí, sjá nánar á www.mba.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD